

BORGARRÁÐ 19. janúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mælaborð vegna uppbyggingu húsnæðis - MSS23010203

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir ítarlegum upplýsingum varðandi kostnað og þann tíma sem eytt var í gerð mælaborðs þjónustu og nýsköpunarsviðs varðandi uppbyggingu húsnæðis í Reykjavík? Óskað er upplýsinga um heildarkostnað verkefnisins, hversu margir starfsmenn komu að gerð þess og hversu langan tíma það tók. Einnig vill borgarfulltrúinn fá að vita hver er áætlaður kostnaður vegna nauðsynlegs viðhalds og uppfærslu gagna í mælaborðinu til næstu ára. Í framhaldi vill fulltrúinn fá að vita hvaða rök hafi verið lögð til grundvallar ákvörðunar þjónustu og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborg að hefja smíði á þessu mælaborði samhliða mælaborði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. 10. nóvember sl. var sett í loftið mælaborð um uppbyggingu húsnæðis á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Eins og flestir vita hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun á svipuðum tíma sett í loftið mælaborð sem sýnir rauntíma uppbyggingu húsnæðis á landinu öllu, þar á meðal í Reykjavík.